

Nd.

393. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður 2. tl. orðist svo:
Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánnum samkvæmt 21. gr. og vextir af stofnsjóðsinnstæðum félagsmanna í samvinnufélögum.
2. Við 4. gr.
 - a. A-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
 - b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum nokkur friðindi beint eða óbeint umfram venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur og arðsúthlutun eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins.
 - c. 2. mgr. orðist svo:
Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum þessarar greinar, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, þó eigi hærrí fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins að viðbættu 20% álagi skv. 1. mgr.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, 6. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 4. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, 5. mgr., svo hljóðandi:
Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skal frá beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskípum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður.
4. Við 6. gr.
 - a. 2. tl. orðist svo:
Síðari málsliður 1. mgr. B-liðs 15. gr. falli niður.
Orðin „sbr. þó D-lið“ falli niður úr 3. mgr. B-liðs 15. gr.
 - b. Í stað orðanna „fimmta hluta hámarksfyrningar“ í 5. tl. komi:
fimmta hluta þessara sérstöku fyrninga.
5. Við 7. gr.
 - a. A- og B-liðir 1. mgr. orðist svo:
A. Fyrir einstaklinga 145 000 kr.
B. Fyrir hjón 220 000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr., 145 000 kr. hjá hvoru.
 - b. Í stað „47 500 kr.“ í 3. mgr. komi: 60 000 kr., og í stað „5 800 kr.“ í sömu mgr. komi: 6 500 kr.
6. Við 10. gr.
 - a. I. tl. orðist svo:
Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 25%, af tekjum 50 000—75 000 kr. greiðist 35%, en af tekjum yfir 75 000 kr. greiðist 44%.

b. Við greinina bætist nýr töluliður:

IV. Tekjuskatt gjaldenda, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, að fjárhæð 5 000 kr. eða lægri, skal fella niður. Tekjuskatt sömu gjaldenda að fjárhæð 5—10 þús. kr. skal lækka þannig, að lækkun réni í beinu hlutfalli við hækkun tekjuskatts.

7. Við 11. gr.

a. Í stað „0.4%“ í 1. tl. komi: 0.6%, og í stað „0.8%“ í sama tl. komi: 1.0%.

b. Í stað „1.2%“ í 2. tl. komi: 1.4%.